



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um ástæður þess að börn þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd fá ekki að fara í leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Hver er ástæðan fyrir því að börn þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd og bíða eftir svari um umsókn fá ekki að fara í skóla? Hér er átt við leikskóla og menntaskóla.

Svar:

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru í þjónustu Vinnumálastofnunar og er Vinnumálastofnun með samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við 300 manns. Í þeim samningi er sótt um leikskólapláss fyrir börn á leikskólaaldri. Á vegum Vinnumálastofnunar eru að auki aðrir 500 einstaklingar búsettir í Reykjavík en stofnunin skilgreinir ekki leikskóla sem grunnþjónustu og því er ekki sótt um leikskólapláss fyrir börn í þeim hópi.

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar eiga í viðræðum við Vinnumálastofnun um þessar mundir þar sem lögð verður áhersla á mikilvægi þess að sótt verði um leikskólapláss fyrir öll börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, óháð því hvort þau heyri undir samning við Reykjavíkurborg eða ekki.

Málefni framhaldsskóla heyra ekki undir sveitarfélög.